

Ed.

657. Frumvarp

til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI

Orðaskýringar og almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum hafa orð þau, er nefnd eru hér á eftir, þá merking, sem tilfærð er við hvert þeirra.

„Útlönd“ merkir öll lönd önnur en Ísland.

„Skip“ tekur yfir sérhvert fljótandi far.

„Aðkomuskip“ er hvert skip, sem hér kemur að landi, ef það annaðhvort síðast hefir lagt út frá útlöndum eða á leið sinni tekið við mönnum eða farangri frá öðru skipi, er síðast hefir lagt út frá útlöndum. Er skipið aðkomuskip þar til það hefir fengið heilbrigðisvottorð á islenzkri höfn.

„Sóttgæzluskirteini“ merkir skirteini gefið út af heilbrigðisyfirvaldi því, er í hlut á, um það, hvort nokkur erlend eða önnur sérstaklega tilgreind næm sótt gangi á brottfararstaðnum eða þar í nánd.

„Erlendar sóttir“ tekur yfir pest (pestis), austurlenzka kóleru, (cholera asiatica), bólusótt (variola), dilasótt (typhus exanthematicus), blóðkreppusótt (dysenteria tropica) og gula hitasótt (febris flava).

„Heilbrigðisvottorð“ merkir vottorð, er aðkomuskip fær hjá sóttgæzlumanni á komustað sínum hér við land, þess efnis, að ekkert sé því til fyrirstöðu samkvæmt lögum þessum, að mönnum eða farangri frá skipinu sé hleypt í land á höfnum á Íslandi.

„Sóttgæzlumaður“ er sá maður í hafnarstað á Íslandi, er samkvæmt lögum þessum skal skoða sóttgæzluskirteini aðkomuskipa og veita þeim heilbrigðisvottorð.

„Höfn“ merkir löggilta höfn, þar sem sóttgæzlumaður er (5. gr.).

„Farangur“ tekur yfir alla lausa muni í skipi, líka afla.

„Bannaður farangur“ merkir farangur, sem ráðherra hefir bannað með auglýsingu að flytja inn vegna sóthættu, eða þá bundið hann vissum skilyrðum (21. gr.).

2. gr.

Skipstjóri á skipi, sem fer frá útlöndum til Íslands og ætlar sér að hafa samband við land eða landsbúa, en tekur ekki með sér sóttgæzluskirteini, skal kynna sér, hvort alvarlegir, næmir sjúkdómar ganga á brottfararstaðnum eða þar í nánd um það leyti, sem hann leggur af stað, og vera við því búinn að láta í té skriflega yfirlýsingu þar að lútandi samkvæmt 8. gr.

3. gr.

Ekkert aðkomuskip má, nema tilneytt sé, hleypa mönnum eða farangri í land, né hafa annað samband við land eða landsbúa, annarsstaðar en á höfn-um, sbr. 7. gr.

4. gr.

Íslensk skip skulu ekki utan hafna, hvorki innan landhelgi né utan, taka við mönnum né farangri úr aðkomuskipum, hleypa mönnum út í slik skip né hafa önnur mök við þau eða menn úr þeim, nema tilneydd séu.

II. KAFLI

Sóttvarnarnefndir og sóttvarnarhús.

5. gr.

Sóttvarnarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og á hverjum löggiltum verzlunarstað hér á landi.

Í kaupstöðum skulu í nefndinni vera bæjarfógeti (í Reykjavík tollstjóri), héraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki. Bæjarfógeti (í Reykjavík tollstjóri) er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Á öllum öðrum stöðum skal í nefndinni vera sýslumaður, hafi hann aðsetur þar á staðnum, héraðslæknir og einn maður, er sýslunefnd kýs, búsettur þar. Hafi sýslumaður eigi aðsetur á verzlunarstaðnum, skal umboðsmaður hans þar koma í hans stað. Sýslumaður eða umboðsmaður hans er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Sóttvarnarnefndir skulu sjá um, að lögum þessum sé hlýtt.

Hafnsögumönnum, hreppstjórum, bæjar- og sveitarstjórnnum er skylt að aðstoða sóttvarnarnefndir við skyldustörf þeirra.

Sóttvarnarnefndir og héraðslæknar skulu við framkvæmdir þessara laga, jafnan þegar unnt er, leita sem nánastra leiðbeininga landlæknis. Þegar um meiri háttar ráðstafanir er að ræða, skal, ef við verður komið, leita fyrirfram samþykkis ráðherra, og einkum, ef um er að ræða ráðstafanir samkvæmt ákvæðum 3. og 4. málsg. 8. greinar, 13.—17., 19. og 20. greinar, en tilkynna skal annars tafarlaust allar þess háttar ráðstafanir, sem gerðar eru án slíks samþykkis.

Ráðherra setur að öðru leyti reglur um störf sóttvarnarnefnda.

6. gr.

Í Reykjavík skal vera sóttvarnarhús fyrir allt landið, sóttvarnarhús ríkisins, er sé jafnan til taks með öllum útbúnaði til þess að taka við sjúkum mönnum frá aðkomuskipum, ef þörf gerist að sóttkvía þá. Sóttvarnarnefndin í Reykjavík skal hafa umsjón yfir húsinu, annast viðhald á því og öllum útbúnaði þess, og ráða þjónustufólk eftir þörfum, er jafnan sé til taks.

Héraðslæknirinn í Reykjavík annast lækningu þeirra sjúklinga, sem hafðir eru í sóttvarnarhúsinu, nema ráðherra skipi til þess annan lækni.

Ráðherra setur reglur um afnot sóttvarnarhússins.

III. KAFLI

Almenn ákvæði um varnir gegn næmum sjúkdómum.

7. gr.

Nú vill aðkomuskip hleypta mönnum eða farangri á land á höfn eða hafa önnur mök við land eða menn úr landi, sbr. 3. gr., og skal það þá biðja þess, að sóttgæzlumaður (eða í kaupstöðum fyrir hans hönd tollgæzlumaður eða lögregluþjónn) komi út að skipinu eða út í skipið. Gerir skipstjóri sóttgæzlumanni grein fyrir heilsufari manna á skipinu og leggur fyrir hann sóttgæzluskirteini þess, ef til er. Á undan sóttgæzlumanni má enginn fara út í skipið úr landi né frá öðrum skipum, nema hafnsögumaður, ef nauðsyn krefur, og enginn má fara úr skipinu, ekki heldur hafnsögumaður né sóttgæzlumaður, engan farangur setja á land né í önnur skip, og engin mök hafa við land eða menn úr landi fram yfir það, sem leiðir af ákvæðum 8. greinar, fyrr en skipstjóri hefir fengið heilbrigðisvottorð samkvæmt 8. grein.

8. gr.

Nú leggur skipstjóri á aðkomuskipi fram fullgilt sóttgæzluskirteini, og er þess eigi getið í því, og heldur eigi kunnugt eða grunað á annan hátt, að á brottfararstað skipsins hafi gengið alvarlegur, næmur sjúkdómur. Skal þá sóttgæzlumaður þegar veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lýsir því yfir fyrir honum, að í skipinu séu eigi eða hafi verið á leiðinni menn með sjúkdóma, er grunur gæti leikið á að væru næmir, og að hann viti ekki til, að skipið geti verið sóttmengað á annan hátt.

Hafi skipið ekkert eða ekki fullgilt sóttgæzluskirteini, skal sóttgæzlumaður engu að síður að jafnaði tafarlaust veita því heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lætur honum í té skriflega yfirlýsingu upp á æru og samvizku um, að honum sé ekki kunnugt um, að á brottfararstaðnum hafi gengið neinn alvarlegur næmur sjúkdómur, að á skipinu séu eigi eða hafi verið, hvorki á brottfararstaðnum né á leiðinni, menn með sjúkdóma, er grunur gæti leikið á, að væru næmir, eða lík manna, sem dánir séu úr næmum sjúkdómum, og að hann viti ekki til, að skipið geti verið sóttmengað á annan hátt.

Ef þess er getið í sóttgæzluskirteini skipsins, eða kunnugt eða grunað á annan hátt, að alvarlegur næmur sjúkdómur hafi verið á brottfararstaðnum, ef sjúkir menn eru eða hafa verið á skipinu á leiðinni, eða lík, og grunur er á, að um næman sjúkdóm sé eða hafi verið að ræða, eða grunur er um sóttmengun skipsins á annan hátt, svo og ef frambræður eða vottorð skipstjóra er á einhvern hátt tortryggilegt, þá má eigi veita heilbrigðisvottorð fyrr en héraðslæknir hefir rannsakað skipið og úrskurðað, að heilbrigðisvottorð megi gefa. Nú reynist erlend sótt í skipinu, og skal þá farið með það samkv. ákvæðum IV. kafla þessara laga, en ef um annan næman sjúkdóm er að ræða, sem opinberum vörnum er beitt við samkv. lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, eða héraðslæknir telur ástæðu til að beita slíkum vörnum, skal farið með skipið samkv. ákvæðum

þeirra laga og ekki veita því heilbrigðisvottorð fyrr en þær ráðstafanir hafa verið gerðar, að öruggt þykir, að sjúkdómurinn berist ekki í land eða breiðist út.

Læknisrannsókn á skipi og þeim, er á því eru, skal jafnan fram fara svo fljótt sem auðið er, og öllum sóttvarnarráðstöfunum skal, eftir því sem unnt er, haga svo, að skipinu verði til sem minnstrar tafar og trafala. Sé héraðslæknir eigi viðstaddur, er sóttvarnarnefnd heimilt að fela öðrum lækni rannsóknina. Sé enginn læknir viðstaddur, skal skipstjóra gefinn kostur á að leita annarar hafnar, þar sem læknir býr. Ef einangra þarf sjúklinga af skipinu, en tormecki eru á að gera það á staðnum, er heimilt að vísa skipinu til næstu hafnar, þar sem einangrun er framkvæmanleg, en þó því aðeins, að sjúklingum sé eigi hætta búin af þeim flutningi. Ef skipið er sóttkvíð, er skipstjóra heimilt að velja sér höfn til að liggja á, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við nauðsynlega læknisrannsókn og lækniseftirlit.

Þegar skip strandar, skal sá, er ræður fyrir björguninni, sjá um, að farið sé eftir fyrirmælum greinar þessarar og 7. greinar, að svo miklu leyti, sem því framast verður við komið.

9. gr.

Ráðherra getur veitt herskipum, sem hafa lækni, þá tilslökun á ákvæðum 7. og 8. greinar, sem ráðlegt þykir og gerlegt eftir atvikum.

IV. KAFLI

Sérstök ákvæði um varnir gegn erlendum sóttum.

10. gr.

Í hvert sinn er áreiðanleg vitneskja er fengin um, að einhver erlend sótt hafi gert vart við sig einhversstaðar í útlöndum, og ástæða er til að ætla að sóttin geti horizt þaðan til Íslands, gefur ráðherra út auglýsingu um, að sjúkdómur sá sé talinn ganga á þessum stað, og ef svo virðist, sem eigi sé beitt fulltryggum vörnum gegn því, að sóttin breiðist út þaðan, á stöðum þar í nánd, svo víða sem ástæða þykir til.

Þessu skal þó eigi beitt, ef aðeins ein manneskja eða örfáar hafa sóttina, og eigi er ástæða til að ætla, að hún muni breiðast út.

Ráðherra gefur aftur út auglýsingu um, hvenær ráðstöfunum þessum skuli hætt.

11. gr.

Þá er svo ber til:

- 1) að skip kemur frá eða hefir á leið sinni haft viðskipti við stað, sem auglýsing er gefin út um samkvæmt 10. grein, eða stað, sem getið er um í sóttgæzluskirteini skipsins, eða á annan hátt er víska fyrir eða grunur á, að erlend sótt gangi á;
- 2) að skip á leið sinni hefir átt mök við skip, sem á eru eða hafa verið sjúkir menn eða dauðir, og víska er fyrir eða grunur á, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða;

3) að á skipi eru eða hafa verið á brottfararstað þess eða á leiðinni sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða, eða vissa fyrir eða grunur á, að skipið sé á annan hátt alvarlega mengað erlendri sótt,

skal skipið, þá er það kemur í landhelgi við Ísland, eða ef það ætlar til íslenskrar hafnar, undir eins og land er í sýn, draga gula sóttvarnarveifu upp á framsiglihúni, og ef gul veifa er ekki til á skipinu, þá hvíta veifu, og skal veifan vera uppi þangað til skipið er komið aftur út fyrir landhelgi, eða hefir tekið íslenska höfn og fengið þar heilbrigðisvottorð. Ef skipið hefir senditæki, skal það sem fyrst senda ráðherra skeyti með tilkynningu um, hversu ástatt sé fyrir því og hvar og hvenær það sé væntanlegt að landi.

12. gr.

Ef svo er ástatt fyrir skipi sem sagt er í 11. gr. 1) og 2), er skipinu frjálst að taka hverja höfn sem vill.

Sé aftur á móti svo ástatt, sem sagt er í 11. gr. 3), má skipið ekki leita hafnar annarsstaðar en í Reykjavík, nema það sé til neytt.

13. gr.

Þangað til rannsókn héraðslæknis hefir fram farið og leyfi hefir verið gefið til þess að hafa samgöngur við land, skal skip, sem svo er ástatt um sem segir í 11. gr., afkvíað, og má engum, sem á skipinu er, hleypa úr því á land, og ekki heldur má neinn fara úr landi eða öðrum skipum út í það, nema í embættiserindum. Þeir, sem hafa verið úti í skipinu, eru háðir þeim sóthreinsunarfyrirmælum, sem sóttvarnarnefnd eða héraðslæknir setur þeim, og má, ef þörf gerist, láta þá sæta sömu meðferð og þá, er komið hafa á skipinu.

14. gr.

Ef læknir finnur engan mann á skipinu sjúkan eða dauðan af erlendri sótt og skipstjóri lætur í té skriflega yfirlýsingu upp á æru sína og samvizku um, að á leiðinni hafi ekki verið í skipinu menn með sjúkdóma, er grunur gæti leikið á að væru erlendar sóttir, að hann viti ekki til, að skipið geti verið mengað af þeim á annan hátt, og ennfremur að enginn bannaður farangur sé í því, skal þá, ef framburður eða vottorð skipstjóra er á engan hátt tortryggilegt, veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef 5—14 dagar, eftir því um hverja sótt er að ræða, eru liðnir frá því er skipið hafði síðast mök við sóttmengað byggðarlag eða skip, enda sé ekkert því til fyrirstöðu vegna hinna almennu ákvæða um næma sjúkdóma, sbr. 8. gr.

Nú er þessi frestur ekki útrunninn, og skal þá sóttvarnarnefnd, ef þörf gerist, sóttkvía skipið, þar til sá tími er liðinn, er á vantar. Að þeim tíma liðnum skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef enginn hefir sýkzt á því af erlendri sótt, meðan það var sóttkvíað. Ef skipið er herskip, þá þarf héraðslæknir ekki að skoða skipið, ef skipslæknir lætur honum í té skýrslu um heilsufar á skipinu. Þær sóttvarnarreglur, er slíku skipi eru settar samkvæmt þessari eða eft-

irfarandi greinum og byggðar eru á greindri skýrslu, skulu birtar foringja skipsins.

15. gr.

Nú kemur það upp, að á skipinu hafa á brottfararstaðnum eða á leiðinni verið sjúkir menn eða dauðir, og er ástæða til að ætla, að um erlenda sótt hafi verið að ræða, eða þá að á skipinu er hannaður farangur eða grunur um, að skipið sé á einhvern hátt mengað erlendum sóttum, og má þá ekki leyfa nein- ar samgöngur við land, fyrr en skipið hefir verið tryggilega sóttthreinsað og bönnuðum farangri lógað, þeim er eigi hefir auðið verið að sóttthreinsa í skip- inu. Að því búnu skal farið eftir ákvæðum undanfarandi greinar.

16. gr.

Nú kemur það í ljós við læknisrannsókn, að annaðhvort eru á skipinu sjúk- ir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða eða skipið sé á annan hátt alvarlega mengað erlendri sótt, og skal þá, ef unnt er, vísa skipinu tafarlaust til Reykjavíkur, og láta lækni fara á því, ef þörf gerist. Nú er slikt skip komið til Reykjavíkur, og skal þá sóttvarn- arnefndin þar annast um það, um leið og hún að öðru leyti heldur skipinu al- veg afkvíuðu, 1) að sjúkir menn, þar með taldir smitberar, séu fluttir í sótt- varnarhúsið, 2) að lík séu flutt í land og jarðsett eða brennd, 3) að skipið sé sóttthreinsað eins og með þarf, 4) að lógað sé bönnuðum farangri, sem ekki er unnt að sóttthreinsa í skipinu, 5) að dýrum, sem í skipinu kunna að vera og breitt geta út sjúkdóminn, sé eytt eða þau gerð skaðlaus, og 6) að allir ósjúkir skipverjar og farþegar séu einangraðir annaðhvort úti á skipinu eða í sérstöku húsi á landi, þar til 5–14 dagar eru liðnir frá því, er skipið var sóttthreinsað eða þeir fluttir í land.

Ef ekki er unnt að vísa skipinu til Reykjavíkur eða þess ekki þörf að dómi ráðherra, skal sóttvarnarnefndin fara með skipið þar sem það er statt eftir á- kvæðum þessarar greinar að svo miklu leyti sem unnt er eða eftir nánari fyrir- mælum ráðherra.

17. gr.

Þegar um skip er að ræða, sem ætluð eru til fólksflutninga, eða skip, sem virðast vera óheilnæm vegna óþrifnaðar eða af öðrum ástæðum, má fara með þau eftir ákvæðum 16. greinar, þótt önnur skilyrði fyrir því séu ekki fyrir hendi. Ef mikill rottugangur er í skipum eða önnur óþrifadýr, má og gera sér- stakar ráðstafanir til varnar því, að þau berist í land eða til að eyða þeim í skipunum. Aldrei má þó vísa skipi, sem hreinsa þarf aðeins vegna óþrifa eða óþrifadýra, lengra en til næstu hafnar þar sem slík hreinsun er fram- kvæmanleg.

18. gr.

Ráðherra setur reglur um sóttthreinsun á skipum og farangri.

Það er skylt, ef sóttvarnarnefndin æskir þess, að af skipsins hálfu sé lát- inn í té við sóttthreinsun þess og einnig við eyðingu rotta eða annara óþrifadýra allur sá vinnukraftur og önnur aðstoð, sem skipinu er auðið.

19. gr.

Þegar skip á að leita hafnar í Reykjavík samkvæmt 12. gr. 2. mgr., en hefir neyðzt til að leita hafnar annarsstaðar, skal sóttgæzlumaður á þeim stað tafarlaust kalla saman sóttvarnarnefndina, og skal hún fara með skipið samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina, að svo miklu leyti sem framast unnt er.

Nú er hrýn nauðsyn að veita skipinu hjálp tafarlaust, áður en læknir er kominn, og skal þá sóttgæzlumaður annast hjálpina, og skal hún, ef þess er kostur, veitt án þess, að nokkur maður fari á land úr skipinu eða úr landi út í skipið.

20. gr.

Um strandað skip og bannaðan farangur á því gerir næsta sóttvarnarnefnd eða lögreglustjóri þær ráðstafanir, er með þarf, að svo miklu leyti sem auðið er, samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina.

Reki skip á land eða bannaðan farangur, sem ætla má að sé frá stað, þar sem erlend sótt gengur, skal það látið kyrrt liggja, eftir að því hefir verið bjargað undan sjó með mestu varkárni, þangað til lögreglustjóri hefir látið fram fara rannsókn og ákveðið, hvernig með það skuli fara. Ef telja verður hið bjargaða sóttmengað, skulu björgunarmenn einangraðir á hæfilegan hátt samkvæmt meginreglum undanfarinna greina.

21. gr.

Ráðherra er heimilt, þegar hann gefur út auglýsingu samkvæmt 10. gr., að banna það jafnframt eða binda skilyrðum, að fluttar séu til landsins frá hinum sóttgrunaða stað þær tegundir farangurs, sem nánar verða tilgreindar í auglýsingunni.

22. gr.

Nú gengur influenza einhversstaðar í útlöndum og er þar mjög útbreidd eða illkynjuð, og er ráðherra þá heimilt að gefa út auglýsingu um þá sótt eftir því sem ákveðið er í 10. grein um aðrar erlendar sóttir, og sé eins ástatt um einhverja aðra næma sótt, sem eigi er talin með erlendum sóttum í lögum þessum, má með konungsúrskurði ákveða, að ákvæðunum í þessum kafla skuli beitt.

Ef svo mikil hættu stafar af einhverri þesskonar sótt, er síðast ræðir um, að ekki tjáir að fresta ráðstöfunum gegn henni, getur ráðherra fyrirskipað þessar ráðstafanir, en leita skal þó konungsúrskurðar tafarlaust.

V. KAFLI

Kostnaðarákvæði, refsíákvæði o. fl.

23. gr.

Fyrir venjulegt sóttvarnareftirlit samkvæmt lögum þessum skal greiða af skipum, sem ná 60 smálestum, 4 krónur, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum,

6 kr., og 10 kr. af skipum, sem eru yfir 100 smálestir, auk kostnaðar við flutning sóttgæzlumanns út í skipið.

Gjöld þessi renna í sérstakan sjóð, sóttvarnarsjóð, sem vera skal í vörslum fjármálaráðherra.

24. gr.

Sóttvarnarhús ríkisins í Reykjavík skal útbúa, halda við og endurnýja á kostnað sóttvarnarsjóðs. Sömuleiðis skal greiða úr sóttvarnarsjóði allan legukostnað sjúklinga í húsi þessu, eða annarsstaðar, þar sem þeir kunna að verða einangraðir samkvæmt lögum þessum, útfararkostnað framliðinna og allan annan kostnað, sem af lögum þessum leiðir, meðan tekjur hans hrökkva, en síðan úr rikissjóði, að því undanteknu, er hér greinir:

- a. Skipið skal ávallt greiða gjald það, sem nefnt er í 23. gr., svo og kostnað við flutning út í skipið og í land aftur. Einnig aukreitis jafnhátt gjald til læknis fyrir skoðunargerð hans, ef hann er tilkvaddur samkvæmt lögum þessum, ennfremur fyrir ferð hans eða ferðir út í skipið samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, svo og flutningskostnað hans og dagpeninga, 20 krónur á sólarhring, ef þörf gerist að hann sé sóttkvíaður vegna skoðunargerðarinnar, þangað til þeirri sóttkvíun er lokið.
- b. Fiskiskip, önnur en hérlend, skulu greiða allan þann kostnað, sem annars fellur á sóttvarnarsjóð. Hið sama er og um önnur útlend skip, ef þau hafa ekki ætlað sér á islenzka höfn, og álitid verður, að þau hafi einungis komið þar vegna veikinda eða til þess að ganga þar undir sóttkvíun.
- c. Um greiðslu kostnaðar vegna sóttkvíunar sjúklinga með sóttir, aðrar en erlendar, fer í samræmi við lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Skip, önnur en hérlend, skulu þó ætíð skyld að greiða allan þann kostnað fyrir skipshafnir sínar.
- d. Þann kostnað, sem leiðir af lögum þessum, er skip stranda, skal greiða af strandfénu, að svo miklu leyti sem það brekkur til.
- e. Fari einhver í banni laga þessara út í skip, sem eiga að hafa uppi sóttvarnarveifu, skal hann sjálfur greiða allan kostnað, er af því kann að hljóta, að svo miklu leyti sem efni hans hrökkva til. Skal taka kostnað þann lögtaki, ef þörf gerist.
- f. Úr sóttvarnarsjóði eða rikissjóði verður ekki greiddur sá kostnaður, er leiðir af töfum skipa samkv. lögum þessum, hvorki útgerðinni, skipverjum né farþegum, ekki heldur skaðabætur fyrir tjón á skipum eða farangri, né fyrir atvinnuspjöll, er leiða kann af framkvæmd laganna.

Unz safnazt hefir í sóttvarnarsjóð svo að nægi til viðunandi endurnýjunar á núverandi sóttvarnarhúsi ríkisins í Reykjavík, er ráðherra heimilt að greiða úr rikissjóði allan kostnað, sem leiðir af lögum þessum.

25. gr.

Hvert það skip, sem afgreitt er hér á landi, á heimting á að fá hjá sóttgæzlumanni skirteini um það, hvort nokkur erlend sótt eða annar alvarlegur næmur sjúkdómur gangi á brottfararstaðnum eða í grenndinni. Sóttgæzluskirteini þetta veitist ókeypiss.

Hver sá, er sóttkvíaður hefir verið, á heimting á eftir afstaðna sóttkvíun að fá vottorð um það. Skipstjóri á heimting á samskonar vottorði fyrir skip sitt, þegar sóttkvíun þess er löglega afstaðin. Vottorð þessi veitast ókeypis.

26. gr.

Ákvæði þessara laga ná til hverskonar loftfara á sama hátt og til skipa, eftir því sem við getur átt. Til skipstjóra svarar loftfarsstjóri. Gjöld (sbr. 23. og 24. gr.) af 1—2 hreyfla flugvélum skulu vera sem af skipum undir 60 smálestum, af 3 hreyfla flugvélum og þar yfir sem af skipum frá 60 og upp að 100 smálestum og af loftskipum sem af skipum yfir 100 smálestir.

27. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða fyrirskipunum þeim, sem gefnar eru úr samkvæmt þeim, varða sektum frá 50—2000 kr., ef þyngri hegning er eigi við lögð eftir almennum lögum. Þegar gefin hefir verið út auglýsing samkvæmt 10. gr. og sérstakar varnir upp teknar gagnvart erlendri sótt, varða brot gegn ákvæðum laganna þar að lútandi fangelsi eða 100—5000 kr. sektum, ef miklar málsbætur eru. Sektirnar renna í sóttvarnarsjóð.

Farangur þann, sem reynt hefir verið að flytja inn eða fluttur hefir verið inn gegn banni, útgefnu samkvæmt lögum þessum, skal gera upptækan. Ef eigi þarf að lóga honum, rennur ágóðinn í sóttvarnarsjóð.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið sem opinber lögglumál.

28. gr.

Lög nr. 34 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, lög nr. 34 27. júní 1925, um breyting á þeim lögum, lög nr. 24 11. júlí 1911, um sóttgæzluskirteini skipa, og lög nr. 31 20. júní 1923, um læknisskoðun aðkomuskipa, eru úr gildi numin, og önnur ákvæði, er fara kynnu í bága við þessi lög.

29. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, svo stórt upplag, að nægilega mörg eintök verði send íslenzkum ræðismönnum í öðrum löndum, og eitt eintak fengið hverju sóttvarnarskyldu skipi.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1934.